

Ísmús: Bragarhættir. Tímaverkefni

Farðu á ismus.is, opnaðu *Braga* og smelltu á *bragarhættir* (<https://ismus.is/bragi/bragarhaettir/>).

Upptaka af kvæði

Veldu þér bragarhátt og skoðaðu erindin á vefnum. Finndu erindi sem til er upptaka af.

1. Gerðu grein fyrir bragarhættinum. Hvað heitir hann, er hann tví- þrí- eða ferkvæður, og hvernig er rímið?
2. Er kvæðið sungið eða flutt án lags? Hvernig er hrynjandin?
3. Útskýrir heimildarmaðurinn eitthvað í sambandi við kvæðið? Segir hann t.d. hvaðan það kemur og/eða um hvað það fjallar?

Bragarhættir og þemu

Finndu nokkuð algengan bragarhátt. Þú þarft ekki að þekkja hann fyrir en hann skal hafa a.m.k. 10 dæmi á vefnum.

1. Gerðu grein fyrir bragarhættinum. Hvað heitir hann, er hann tví- þrí- eða ferkvæður, og hvernig er rímið?
2. Skoðaðu erindin í þessum bragarhætti. Hvers konar kvæði nota þennan bragarhátt? Er eitthvað þema í umfjöllunarefni bragarhátтарins?
3. Frá hvaða öld eru kvæðin sem nota helst þennan bragarhátt?

Breiðhent - fráhent, síðstímað

Skoðaðu kvæðið og notaðu það sem þú veist um bragarhætti til að leysa verkefnið.

Hlynur skyldu vinna vildi,
varð að bjarga fengnum arði;
frosinn hrein úr hellis leyni
harður ber að föðurgarði.

1. Gerðu grein fyrir bragarhættinum, er hann tví- þrí- eða ferkvæður og hvernig er rímið? Hafðu í huga heil- og hálfm, innm og endm. Litakóðaðu atkvæðin/orðin sem ríma og feitletraðu stuðla og höfuðstafi. EKKI leita að bragarhættinum á vefnum strax.
2. Finndu bragarhátтinn á vefnum. Hvernig gekk að greina bragarhátтinn? Hvað var rétt hjá þér og hverju misstir þú af? Litakóðaðu rímið eftir greiningunni á vefnum.

Búðu til þinn eigin bragarhátt

Hér mega 1-3 vinna saman. Þú/þið ætlið að búa til eitt erindi í ykkar eigin bragarhætti.

1. Hvað eru margar braglínur og hvernig er rímið (innm og/eða endarm, heil- og hálfm)? Þið þurfið ekki að hafa stuðla og höfuðstafi.
2. Veljið nafn á bragarhátтinn.
3. Lesið fyrir bekkinn (ef þið þorið!). Reynið að greina bragarhátтinn í erindum bekkjarfélaga ykkar